

16. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn, miðvikudaginn 8. febrúar 2012, kl. 12:00

Mætt: Steinunn Leósdóttir formaður, Jósteyn Hermundsson, Vikar Már Vífilsson og Sóley Indriðadóttir. Jafnframt sat fundinn Gunnólfur Lárússon, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Erindi frá Ísfélagi Vestmannaeyja.

Í erindinu óskar Ísfélag Vestmannaeyja eftir byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við frystihús að Eyrarvegi 16 á Þórshöfn.

Fyrirhuguð viðbygging er ekki í samræmi við deiliskipulag hafnarsvæðis Þórshafnar. Nefndin leggur hinsvegar til við sveitarstjórn að unnin verði tillaga að breytingu deiliskipulags hafnarsvæðisins til að koma til móts við byggingaráform Ísfélagsins. Breytingin fæli í sér stækkun lóðar að Eyrarvegi 16, á kostnað óráðstafaðrar lóðar að Hafnarvegi 4-10. Byggingarreitur viðbyggingar innan Eyrarvegs 16 yrði stækkaður í 30 m x 31 m, í stað 20 m x 31 m.

USB telur að slík breyting sé óveruleg, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leggur til við sveitarstjórn að breytingin verði grenndarkynnt öllum lóðarhöfum innan deiliskipulagssvæðis, skv. forskrift 44. gr. skipulagslaga.

Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytinu.

Í erindinu óskar ráðuneytið eftir stofnun fasteignar úr landi jarðarinnar Sauðanes í Langanesbyggð, sbr. meðfylgjandi umsókn og uppdraetti.

„Athygli er vakin á því að vegna samræmingar á skráningu ríkiseigna er landeigandi Ríkissjóður Íslands kt.540269-7509 og umsjáraðili- og landbúnaðarráðuneytið, Jarðeignir ríkisins kt.680981-1759

Stærð lóðar er 1.400m² og eru hornhnit lóðar:

- | | | |
|----|-------------|-------------|
| 1. | 668013.79 m | 643855.97 m |
| 2. | 668053.73 m | 643858.21 m |
| 3. | 668055.69 m | 643823.26 m |
| 4. | 668015.75 m | 643821.02m“ |

Erindið samþykkt samhljóða

Fundargerðin upplestin og samþykkt . Fundi slitið kl.12:45.